

- bekkjardeildir, skipting milli skóla þar sem um fleiri en einn skóla er að ræða, skólasókn, tómstunda- og félagsstörf nemenda, lengd viðvera utan reglulegs kennslutíma.
- b. *Starfsfólk*: Fjöldi kennara, starfsheiti, stöðuhlutfall, grunn- og endurmenntun, starfsferill, aðrir starfsmenn skóla en kennarar, meginverkefni allra starfsmanna skóla.
  - c. *Innra starf skóla*: Skólanámskrá, námsgreinar og námsþættir í öllu skyldunámi, kennslumagn, stundaskrár, námsgögn, þróunarverkefni, kennslu- og matsaðferðir, gæðamat, starfstími skóla, sérstakur stuðningur við nemendur, íslenskukennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku.
  - d. *Störf sérfræðiþjónustu skóla*: Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, sálfræðiþjónusta og ýmis önnur ráðgjöf við nemendur og starfsfólk skóla.
  - e. Foreldraráð, foreldrafélög, skólanefnd og upplýsingar um helstu verkefni þeirra.
  - f. *Aðstæður*: Breytingar á húsnæði, aðstöðu skóla eða öðru því er talið er í 3. gr.

## 5. gr.

Menntamálaráðherra getur krafist ofangreindra upplýsinga eða hluta þeirra svo og annarra upplýsinga um skólahlald á grunnskólastigi er hann telur þörf á oftari en einu sinni á ári, beri nauðsyn til.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. og 10. gr., sbr. 56. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um skólareglur og aga í grunnskólum.

## 1. gr.

Skólastjóri, kennarar, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi í skólanum sé sem bestur.

## 2. gr.

Nemendur á skólaskyldualdri skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

## 3. gr.

Skólastjóri hefur forgöngu um að skólareglur séu settar. Skólareglurnar skulu kynntar og afhentar nemendum og forráðamönnum þeirra og birtar í skólanámskrá skólans. Þær

skulu vera skýrar og afdráttarlausar og í þeim skal koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á reglum.

Skólareglur skulu kveða á um almenna umgengni og hegðun nemenda í skólanum; samskipti þeirra við starfsfólk skólans og skólasystkin; heilbrigðar og hollar lífsvenjur í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.

Í skólareglum skal kveðið á um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr skóla að fullu eða um stundarsakir ef um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er að ræða.

#### 4. gr.

Nemendum er skylt að fara eftir skólareglum og hlíta fyrir mælum starfsfólks skóla, meðan þeir dvelja í skólanum, í öllu starfi á vegum skólans, í skólabifreiðum og á heimavistum. Starfsmenn skóla skulu sýna kurteisni og sanngirmi í samskiptum við nemendur.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir. Þeir skulu einnig ræða skólareglurnar í foreldraviðtölum og á foreldrafundum.

Starfsmenn skóla og forráðamenn nemenda skulu stuðla að því að nemendur virði reglur skólans.

#### 5. gr.

Í skólareglum skal kveðið á um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr kennslustund ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu kennara. Tryggja skal að skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi í skólanum taki við nemanda og ræði við hann um agabrotið.

Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara. Einnig skal nemanda gefinn kostur á því að tjá sig um málið.

#### 6. gr.

Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á reglum skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á því. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um úrlausn málsins.

Takist ekki að leysa málið innan skólans á viku, vísar skólastjóri því til úrlausnar skólanefndar sem tekur málið til meðferðar og beitir sér fyrir skjótum úrbótum í samræði við skólastjóra, umsjónarkennara, sérfræðiþjónustu skóla og forráðamenn. Takist skólanefnd ekki að leysa málið getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og úrskurðar með hvaða hætti úr skuli bætt.

Sé nemandi vikið úr skóla um stundarsakir má ekki líða meira en ein kennsluvika áður en hann hlýtur annað kennsluúrræði.

Óheimilt er að víkja nemanda að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o.fl. í grunnskólum.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*